

fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. alm. hgl.

Ákærði, Lee Reynir Freer, greiði Ingu Þöll Þórgnýsdóttur kr. 2.630 í skadabætur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

Þriðjudaginn 11. desember 1984.

Nr. 188/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Vilhjálmí Ásgrími Sveinssyni

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1984 að því er varðar ákærða Vilhjálmi Ásgrím Sveinsson og eftir ósk hans. Áfrýjunin tekur eigi til þeirra tveggja manna, sem ákærðir voru ásamt honum, en þeir óskuðu eigi áfrýjunar héraðsdóms. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 13. nóvember 1984.

Af hálfu ákærvalds er fyrir Hæstarétti eigi gerð krafa um, að ákærði verði sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ.e. óheimil not bifreiðar. Verður því eigi um það atriði dæmt í Hæstarétti. Að öðru leyti er málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar að því er varðar ákærða Vilhjálmi Ásgrím.

Telja verður sannað, að ákærði hafi haft hönd á stýri bifreiðarinnar og stýrt henni, er hann og félagar hans reyndu að ræsa vél hennar með því að ýta bifreiðinni áfram með handafli. Þar sem ákærði var með áfengisáhrifum, þykir þetta atferli hans verða að

teljast brot gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þegar litið er til hinna sérstæðu málsatvika þykir refsing hans samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, hæfilega ákveðin 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs og vararefsing sektar 12 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða og um sakarkostnað að því er hann varðar.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Vilhjálmur Ásgrímur Sveinsson, greiði 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða og um sakarkostnað að því er ákærða varðar eiga að vera óröskud.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 28. maí 1984.

Ár 1984, mánudaginn 28. maí, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 652/1983: Ákærvaldið gegn D, H og Vilhjálmi Ásgrími Sveinssyni.

Mál þetta, sem þingfest var 14. júní 1983 og dómtekið 22. mars sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, dags. 4. maí 1983, á hendur D, H og Vilhjálmi Ásgrími Sveinssyni sjómanni, Ásabraut 15, f. 9. jan. 1961, öllum fæddum og búsettum í Keflavík, „fyrir að taka í heimildarleysi, föstudaginn 24. desember 1982, bifreiðina R-53540 við Faxabraut 16 í Keflavík og gegn ákærða Vilhjálmi Ásgrími fyrir að aka henni þaðan, undir áhrifum áfengis, að Hringbraut og gegn ákærða D fyrir að reyna að aka, undir áhrifum áfengis, nefndri bifreið í greint sinn á Hringbraut við Skólaveg.

Telst þetta atferli ákærðu varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956, en atferli ákærða Vilhjalms Ásgríms auk þess við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og ákærða D við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., hvort tveggja sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar, en ákærði Vilhjálmur Ásgrímur og ákærði D jafnframt til ökuleyfisvæðingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.“

Aðfaranótt laugardagsins 24. desember 1982 veittu lögreglumenn athygli ljóslausri og kyrrstæðri bifreið á Hringbraut í Keflavík á móts við biðskýli S.B.K. við íþróttavöllinn. Stóðu þrír menn utan hennar. Fóru lögreglumennirnir að bifreiðinni R-53540, gerð Cortina, og sat þá stúlka undir stýri. Tjáði hún þeim, að hún væri að gangsetja bifreiðina, en mennirnir þrír væru að ýta henni, þar sem hún væri rafmagnslaus. Í lögregluskýrslunni segir síðan, að vél bifreiðarinnar hafi verið í gangi, er þeir lögreglumennirnir komu að og hafi mennirnir þrír verið að setjast inn í hana. Þar sem allt reyndist vera í lagi hjá ökumanni var honum leyft að halda áfram fór sinni.

Lögreglumennirnir óku þessu næst áfram suður Hringbraut að mótum hennar og Faxabrautar og veittu þá athygli bifreiðinni Ö-7795, þar sem hún stóð á Faxabraut vestan hringbrautar í gangi og með fullum ökuljósum. Enginn ökumaður var hins vegar sjáanlegur, en farþegar í bifreiðinni sögðu lögreglumönnum, að ökumaðurinn hefði farið að aðstoða þrjá menn við að gangsetja bifreið að gerðinni Cortina. Óku lögreglumennirnir til baka norður Hringbraut, og er þeir komu að skólavegi, sáu þeir nefnda Cortinu, þar sem hún var kyrrstæð á móts við Skólaveg 14. Sat ákærði D undir stýri, en stúlkan í hægra framsæti. Hinir mennirnir tveir voru að gera sig líklega til að ýta bifreiðinni, en vél hennar var ekki í gangi þarna. Enginn mannanna gat upplýst lögregluna um hver væri eigandi títtnefndrar bifreiðar, en þeir hefðu tekið hana við Faxabraut 16. Voru mennirnir, ákærðu í máli þessu, færðir á lögreglustöðina svo og stúlkan, G. Kvaðst hún hafa verið að aka á bifreiðinni Ö-7795 suður Hringbraut, er ákærðu veifuðu henni við mót Faxabrautar. Hafi þeir beðið hana að setjast undir stýri Cortinnar, svo að þeir gætu allir ýtt henni, og jafnframt hefðu þeir sagt henni, að hún væri rafmagnslaus. Hafi hún orðið við þessari beiðni, enda sá hún ekkert athugasvert við hana, þar sem henni hafi virst ákærði D er hafði orð fyrir ákærðu, vera ódrukkinn. Aldrei hafi hún séð ákærðu aka bifreiðinni, en D hafi verið rétt sestur undir stýri hennar, er lögregluna bar að á Skólaveginum. Hafi ástæðan fyrir því verið sú, að hún var eitthvað klaufsk við að koma bifreiðinni í gang. Er á lögreglustöðina var komið, hafði hún veitt því eftirtekt, að D var allnokkuð ölvaður.

Lögreglan yfirheyrði ákærðu, en þar sem framburður þeirra var ekki samhljóða, voru þeir færðir í fangageymslu, og jafnframt var þeim tekið blóðsýni til alkóhólákvörðunar.

Ákærði D kvað þá ákærðu hafa verið að koma frá Faxabraut 14 í umrætt sinn. Hafi hann verið talsvert ölvaður. Þeir hafi komið að Cortinunni og hann þá sagt við meðákærðu, hvort hann ætti ekki að reyna að opna bifreiðina. Hafi hann sagt þetta, án þess að honum hafi verið alvara. Hann hafi síðan tekið upp lykklappu og getað opnað bifreiðina með einum lyklna. Hafi hann orðið jafnhissa og hinir, þegar þetta varð. Hann kvaðst síðan hafa stungið sama lyklinum í kveikjúlás bifreiðarinnar og getað snúið honum, en bifreiðin hefði ekki farið í gang. Mál hefðu síðan þróast eins og lýst hefur verið. Ákærðu hefðu ýtt bifreiðinni, en ekki mundi hann, hver átti upptökin að því. Í rannsóknarskýrslu mundi hann ekki heldur, hver stýrði bifreiðinni, en fyrir dómi kvað hann Vilhjálmmur fyrst hafa stýrt henni gegnum gluggann öikumannsmegin, en síðan hefðu þeir hitt G, sem settist undir stýri. Hefðu þeir allir ýtt bifreiðinni norður Hringbraut, en bifreiðin ekki farið í gang, heldur rétt tekið við sér. Bifreiðinni hefði síðan verið ýtt austur Skólaveg, en rétt þar á eftir hafi lögreglan komið og handtekið þá féлага. Sat hann þá undir stýri og var þá einungis að taka lykilinn úr „svissinum.“ Hann kvaðst ekkert áður hafa haft af bifreið þessari að segja né vitað, hver væri eigandi hennar. Hann sagðist aldrei hafa sagt meðákærðu, að hann ætti R-53540, og ekki gæti það staðist, að hann hefði boðið þeim far.

Ákærði H kvaðst hafa verið undir áfengisáhrifum sem og meðákærðu í umrætt sinn. Hann hafi komið á Faxabraut 14 um kl. 23.30 og skömmu síðar, að hann minnti, komu meðákærðu samtímis. Eftir dvöl þarna fóru þeir saman út og komu þá að bifreiðinni R-53540. Hafi D gengið að framhurð hennar, öikumannsmegin, opnað hana og spurt þá, hvort þeir vildu far. Hafi þeir jánkað því og D þá reynt að gangsetja bifreiðina með lykli, sem hann var með. Ekki tókst það sökum rafmagnsleysis hennar, og var þá ákveðið að ýta henni í gang. Fóru hann og D afturfyrir bifreiðina og ýttu af stað, en Vilhjálmmur stýrði. Ekki mundi H, hvort Vilhjálmmur sat undir stýri eða stýrði henni í gegnum glugga. Hann kvað vél bifreiðarinnar einu sinni hafa tekið við sér án þess þó að fara í gang, og sat þá G undir stýri. Ekki mundi hann, hvar D var staðsettur, þegar lögreglan kom að þeim á Skólavegi.

H kvað D hafa sagst eiga bifreiðina, er hann bauð meðákærðu far, og það hafi aldrei hvarflað að sér að stela bifreiðinni.

Ákærði Vilhjálmmur kvað þá alla hafa verið undir áhrifum áfengis, er þeir komu út úr íbúðinni á Faxabraut 14. Skömmu eftir að þeir komu út, hafi D sagt við þá, hvort þeir vildu ekki koma í ökuferð. Hafi hann bent þeim

á títtnefnda Cortinu og sagt, að hann væri með lykлавöldin að bifreiðinni. Dró hann síðan upp lykla og opnaði hurð bifreiðarinnar með þeim. Reyndi hann síðan að gangsetja bifreiðina, en ræsir hennar virkaði ekki, líklega sökum rafmagnsleysis. Þeir hafi ákveðið að ýta bifreiðinni út á Hringbraut og gangsetja hana þar með því að láta hana renna niður hallann, sem þar er. Ýttu þeir allir bifreiðinni, en D hafi haft hendurnar á stýri hennar og stýrt. Einnig kvaðst Vilhjálmur hafa stýrt bifreiðinni nokkurn spöl á þennan hátt. Á horni Hringbrautar og Faxabrautar hafi G komið til skjalanna og þeir beðið hana að aka bifreiðinni fyrir þá. Samþykkti hún það og settist undir stýri bifreiðarinnar, en ákærðu ýttu henni. Vél bifreiðarinnar hafi aldrei farið í gang, en hún hefði þó tekið við sér. Á mótum Hringbrautar og Skólavegar hafi lögreglan síðan komið og handtekið þá. Minnti hann, að G hefði þá enn verið undir stýri.

Ákærði kvaðst hafa haldið, að D ætti bifreiðina eða hefði að minnsta kosti umráðarétt yfir henni. Ekki hefði hvarflað að sér, að hann væri að stela bifreiðinni.

Vitnið G sagðist í dómi ekki muna vel eftir atvikum. Hún kvað einn þeirra ákærðu hafa verið undir stýri bifreiðarinnar, er þeir báðu hana um aðstoð. Hafi hún sest undir stýri, en ákærðu ýtt. Komu þeir bifreiðinni einu sinni í gang, en hún drap jafnskjótt á sér. Hana minnti, að D hefði setið undir stýri R-53540, þegar henni var beygt inná Skólaveg, en ekki var hún þó viss á þessu atriði. Aldrei fór vél bifreiðarinnar í gang, meðan D sat undir stýri. Hún kvaðst vera nokkuð viss á því, að sami maðurinn hafi setið undir stýri R-53540, er hún kom fyrst að og þegar lögreglan hafði afskipti af þeim á Skólavegi.

Vitnið Valur Ármann Gunnarsson lögreglumaður kvað bifreiðina hafa verið algerlega rafmagnslaus. Hann kvað ákærða D hafa verið undir stýri og G í farþegasæti, er þeir lögreglumennirnir komu. Hann gat þess, að hann hefði sjálfur átt sams konar bifreið og hér um ræðir og hafi lykill hennar gengið að kveikjulás R-53540 sem og í allar skrár hennar. Einnig hafi aðrir lykklar gengið að bifreiðinni.

Hinn lögreglumaðurinn, sem afskipti hafði af máli þessu, er nú búsettur úti í Bandaríkjunum og var því eigi kvaddur til skýrslugjafar í máli þessu.

Magn alkóhóls í blóði D mældist 1.78‰, H 1.96‰ og Vilhjálms 1.19‰.

Framburðir allra ákærðu benda eindregið til þess, að rekja megi upphafið að töku bifreiðarinnar R-53540 til athafna ákærða D. Ákærðu H og Vilhjálmur fullyrtu raunar, að ekki hafi hvarflað að þeim að stela bifreiðinni, heldur hafi D boðið þeim far. Hafi hann annað hvort nefnt, að hann ætti bifreiðina eða hefði umráð hennar, en D kvaðst aldrei hafa viðhaft slík ummæli. Allt að einu þykir ætlað brot ákærðu H og Vilhjálms á 1. mgr. 259. gr. alm. hgl. ósannað, þegar framanskráð er virt, og eru þeir

því sýknir af þeim lið ákærunnar, sem að þessu lýtur. Ákærði D telst hins vegar sekur um brot gegn nýnefndri lagagrein, og er háttsemi hans að þessu leyti rétt lýst í ákæru.

Ákærði Vilhjálmur kvaðst hafa stýrt bifreiðinni R-53540 eftir Faxabraut í umrætt sinn, og kom þetta einnig fram í framburðum meðákærðu. Var Vilhjálmur þarna stjórnandi bifreiðarinnar í skilningi umferðarlaga nr. 40/1968 og hefur þar með brotið gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. laganna.

Ákærði D sagðist einungis hafa verið að taka lykilinn úr kveikjúlás R-53540, er lögreglan kom að þeim á Skólavegi, og þykja framburðir meðákærðu og vitnanna ekki eindregið mæla gegn þessu attriði. Telst því ósannað, að hann hafi reynt að aka margnefndri bifreið á Hringbraut við Skólaveg, eins og hann er ákærður um, og er hann því sýkn af þessari málsókn ákæruvaldsins.

— — —
Sakaferill Vilhjálms er svohljóðandi:

1979 14/5 í Keflavík: Sátt, 70.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi 6 mán. frá 14.5. 1979.

1980 8/7 í Keflavík: Sátt, 60.000 kr. sekt f. brot g. 244. gr. hgl.

Refsing ákærða D þykir hæfilega ákveðin 30 daga varðhald. Skal fresta fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl., sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Refsing ákærða Vilhjálms þykir, eins og málsatvikum er háttað, hæfilega ákveðin 4.000 kr. sekt í ríkissjóð, er greiðist innan 4ra vikna frá dómsbirtingu, en ella sæti ákærði 5 daga varðhaldi.

Ákærði Vilhjálmur hefur unnið til ökuleyfisviptingar samkv. hinum fortakslausu ákv. 81. gr. umferðarlaga. Er sviptingin ævilöng frá dómsbirtingu, þar sem hér er um ítrekað ölvunarakstursbrot að ræða.

Ákærða D verður ekki gerð ökuleyfisvipting með tilvísan til framanlýstra úrslita, hvað hann varðar.

Ákærði D greiði laun skipaðs verjanda síns, Jóns G. Briem hdl., kr. 5.000.00, og ákærði Vilhjálmur laun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar hrl., kr. 5.000.00, en annan kostnað sakarinnar greiða báðir þessir ákærðu in solidum. Laun Vilhjálms Vilhjálmssonar hdl., skipaðs verjanda ákærða H, kr. 5.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Rekstur máls þessa hefur dregist vegna mikilla anna dómarsins við önnur störf á vegum embættisins.

D ó m s o r ð:

Ákærði H er sýkn af ákærinni í máli þessu.

Ákærði D sæti 30 daga varðhaldi. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl., sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Vilhjálmur Ásgrímur Sveinsson greiði sekt, kr. 4.000.00, í ríkissjóð, og komi varðhald í 5 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.

Ákærði D greiði laun skipaðs verjanda síns, Jóns G. Briem hdl., kr. 5.000.00, og ákærði Vilhjálmur laun skipaðs verjanda síns, Vilhjálmss Þórhallssonar hrl., kr. 5.000.00, en annan kostnað sakarinnar greiða báðir þessir ákærðu in solidum. Laun Vilhjálmss Vilhjálmssonar hdl., skipaðs verjanda ákærða H, kr. 5.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 11. desember 1984.

Nr. 150/1982. **Dánarbú Rannveigar Jónsdóttur**

(Ólafur Gústafsson hdl.)

gegn

Úlfhildi Hermannsdóttur og

Jóni Ólafi Hermannssyni

(Jón Halldórsson hdl.)

Eignardómsmál. Skipti. Hefð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen og Rúnar Guðjónsson sýslumaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1982. Hann gerir þær dómkröfur, að honum verði dæmdur eignaréttur að jörðinni Eyrarkoti í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu og að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.